

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/357****2023/EES/83/02****frá 13. desember 2018****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í viðskiptaskráum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum c- og d-lið 3. mgr. 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 skulu aðilarnir sem taldir eru upp í þeirri grein hafa aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til að þeir geti staðið við skyldur sínar og umboð. Því skiptir sköpum að viðskiptaskrár geti auðkennt viðeigandi mótaðila og viðskipti af nákvæmni. Aðgangurinn sem viðskiptaskrár veita ætti að taka til upplýsinga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem mótaðili hefur átt, án tillits til þess hvort sá mótaðili er móðurfélag eða dótturfélag annars fyrirtækis, eða hvort þessar upplýsingar varða viðskipti sem eiga sér stað fyrir milligöngu tiltekins útbús mótaðila, að því tilskildu að aðgangsbeiðnin viðkomi upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að viðkomandi aðili geti staðið við skyldur sínar og umboð.
- 2) Margir aðilanna sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) 2015/2365 hafa nokkur og ólík umboð og þarfir. Til að komast hjá því að viðskiptaskrár verði stöðugt að aðgæta samkvæmt hvaða umboði og þörfum aðili krefst aðgangs, og komast með því móti hjá ónauðsynlegri stjórnsýslubyrði hjá þessum viðskiptaskráum, þykir rétt að leyfa viðskiptaskránum að veita hverjum aðila aðgang á einum stað sem ætti að taka til umboða og sérstakra þarfa hvers aðila.
- 3) Mælt er fyrir um umboð og skyldur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að því er varðar viðskiptaskrár í 5.–11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og taka þær m.a. til skráningar viðskiptaskráa og eftirlits með þeim. Skilvirkt eftirlit útheimtir að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi fullan aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf hjá öllum viðskiptaskráum.
- 4) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska kerfisáhrætturáðið (ESRB) eru hluti af evrópska fjármálaeftirlitskerfinu og hafa, með tilliti til fjármálastöðugleika og kerfisáhrættu, umboð og skyldur sem svipar mjög til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Því er mjög mikilvægt að þessi stjórnvöld hafi, eins og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf.
- 5) Vegna hinna nánú tengsla fjármögnunarviðskipta með verðbréf og peningamálastefnu ætti aðili seðlabankakerfis Evrópu (ESCB), eins og um getur í f-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, að hafa aðgang að öllum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem tengjast gjaldmiðlinum sem sá aðili að seðlabankakerfi Evrópu gefur út og, nánar til tekið, öllum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf þar sem lán eða veðtrygging er gefin upp í þeim gjaldmiðli sem sá aðili seðlabankakerfis Evrópu gefur út.
- 6) Vissir aðilar, sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, bera ábyrgð á að vakta kerfisáhrættu gagnvart fjármálastöðugleika. Til að viðkomandi aðilar geti annast verkefni sín sem tengjast stöðugleika fjármálakerfisins á fullnægjandi hátt skulu þeir hafa aðgang að viðfeðmu rófi markaðsaðila, viðskiptavettvöngum og yfirgripsmestu og ítarlegustu upplýsingum sem fánlegar eru um fjármögnunarviðskipti með verðbréf á þeirra ábyrgðarsviði, sem getur verið, eftir því hver aðilinn er, aðildarríki, gildissvæði evrunnar eða Sambandið.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

- 7) Í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 <sup>(2)</sup> er komið á samræmdri eftirlitsráðstöfun. Viðskiptaskrá ætti að tryggja að Seðlabanki Evrópu (ECB) hafi aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hver mótaðili gerir sem, innan hinnar samræmdu eftirlitsráðstöfunar, fellur undir eftirlit Seðlabanka Evrópu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1024/2013.
- 8) Umboð og sértækar þarfir verðbréfa- og markaðsyfirvalda í Sambandinu, sem um getur í i-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, útheimta að þessum yfirvöldum sé veittur aðgangur að öllum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem standa fyrir viðskipti, eða tengjast mörkuðum, verðbréfum sem eru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, viðmiðunum sem notaðar eru sem tilvísanir og mótaðilum sem falla undir eftirlitsskyldur og umboð þess yfirvalds.
- 9) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB <sup>(3)</sup> á að gefa skilastjórnvöldum áhrifarík meðul til aðgerða, að því er varðar aðilana sem um getur í 1. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, til að koma í veg fyrir smitáhrif. Hvert skilastjórnvald ætti því að hafa aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem þessir aðilar greina frá.
- 10) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 <sup>(4)</sup> ber sameiginleg skilastjórn ábyrgð á skilvirkri og samræmdri starfsemi hins sameiginlega skilameðferðarkerfis, m.a. með því að semja skilaáætlanir fyrir aðilana sem um getur í 2. gr. þeirrar reglugerðar. Til að gera sameiginlegri skilastjórn kleift að semja þessar skilaáætlanir ætti viðskiptaskrá að veita þeirri stjórn aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem einhver mótaðilanna, sem fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 806/2014, hefur átt.
- 11) Yfirvöldin sem um getur í m-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 taka m.a. til yfirvalda sem eru lögbær hvað varðar hina samræmdu eftirlitsráðstöfun og hvað varðar varfærnisefirlit með lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum trygginga- og endurtryggingafyrirtækjum, verðbréfasjóðum, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, starfstengdum lífeyris-sjóðum, verðbréfamiðstöðvum og ófjárhagslegum mótaðilum. Til að þessi yfirvöld geti uppfyllt skyldur sínar og umboð á árangursríkan hátt þurfa þau aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem mótaðilar, sem þau bera ábyrgð á, greina frá.
- 12) Yfirvöldin sem um getur í m-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 taka m.a. til þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á starfsleyfum til handa miðlægum mótaðilum og eftirliti með þeim. Til að gera þessum yfirvöldum kleift að sinna verkefnum sínum með skilvirkum hætti ættu þau að hafa aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf að því er varðar hina miðlægu mótaðila sem þau hafa eftirlit með.
- 13) Til að tryggja stöðlun og samræmi í aðgangi að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og til að draga úr stjórnsýsluálagi, bæði á yfirvöldin sem hafa aðgang að þessum upplýsingum og á viðskiptaskrár þar sem þessar upplýsingar er að finna, ættu viðskiptaskrárnar að fylgja sértæku verklagi til að koma á skilmálum og skilyrðum hvað varðar aðganginn sem á að veita, nánar til tekið að koma á þeim aðgangi, sem og viðvarandi vinnutilhögum.
- 14) Til að tryggja trúnað um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf ættu öll gagnaskipti milli viðskiptaskráa og viðkomandi yfirvalda að fara fram með öruggri tengingu milli véla og með því að nota dulkóðaðar gagnaskiptareglur.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærnisefirlit með lánastofnunum (Stjtið. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB L 225, 30.7.2014, bls. 1).

- 15) Til að samþurður og söfnun upplýsinga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf milli viðskiptaskráa séu árangursrík og skilvirk ætti að nota XML-snið og XML-skilaboð, sem þróuð eru í samræmi við aðferðafræði ISO 20022, fyrir aðgang að þessum upplýsingum og boðskipti milli yfirvalda og viðskiptaskráa.
- 16) Til að gera yfirvöldunum, sem talin eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, kleift að framkvæma markvissar rannsóknir skiptir sköpum að greiða fyrir beinum og tafarlausum aðgangi að sértækum gagnasöfnum og taka saman nokkrar samtengjanlegar, sérstakar fyrirspurnir sem varða mótaðila fjármögnunarviðskipta með verðbréf, tegund fjármögnunarviðskipta með verðbréf, fullnustutímabilið, gjalddaga og uppsögn fjármögnunarviðskipta með verðbréf, sem og áfanga lífsferils fjármögnunarviðskipta með verðbréf.
- 17) Til að gera mögulegan beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, og til að greiða fyrir áætlunargerð viðkomandi yfirvalda og viðskiptaskráa hvað varðar innri gagnavinnsluferla þeirra, ætti að samræma fyrir hvaða tíma viðskiptaskrár þurfa að veita yfirvöldunum aðgang að þessum upplýsingum.
- 18) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt tilhöguninni sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(5)</sup>.
- 19) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir álitni hagsmunahóps á verðbréfamarkaði hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem gera á aðgengilegar

Viðskiptaskrá skal tryggja að upplýsingarnar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem gerðar eru aðgengilegar hverjum aðila sem talinn er upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365, í samræmi við 3. gr., innihaldi eftirfarandi gögn:

- a) skýrslurnar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem skilað er í samræmi við töflur 1–4 í viðauka framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 <sup>(6)</sup>, þ.m.t. síðustu viðskiptastöður fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem ekki hafa gjaldfallið eða verið viðfangsefni skýrslu með aðgerðartegundunum „villa“, „uppsögn/snemmbúin uppsögn“ eða „stöðubáttur“ eins og um getur í 98. reit töflu 2 í I. viðauka við framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 <sup>(7)</sup>,
- b) upplýsingar sem máli skipta um skýrslur um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem viðskiptaskrá hefur hafnað, þ.m.t. skýrslur sem hafnað var næsta virka dag á undan, sem og ástæður höfnunarinnar eins og tilgreint er í samræmi við töflu 2 í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 <sup>(8)</sup>,

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

<sup>(6)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita viðskiptaskráum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrslna um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365, og um breytingu á framkvæmdareglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf og afleiðusamninga (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 85).

<sup>(8)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannprófun, samantekt, samþurð og útgáfu viðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 30).

- c) afstemmingarstöðu allra tilkynntra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem viðskiptaskrá hefur framkvæmt afstemmingarferlið fyrir í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2019/358, nema þeirra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem eru fallin úr gildi eða þeirra fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem tekið var við skýrslu um með aðgerðartegundinni „villa“, „lokun/lokun fyrir uppgjörsdag“ eða „stöðupáttur“ meira en mánuði áður en afstemmingarferlið átti sér stað.

2. gr.

#### **Aðgangur á einum stað**

Viðskiptaskrá skal sjá aðilum með fleiri skyldur eða umboð skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 fyrir aðgangi á einum stað að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem þessar skyldur og umboð taka til.

3. gr.

#### **Aðgangur að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf í samræmi við umboð og sérstakar þarfir hvers hlutaðeigandi yfirvalds**

1. Viðskiptaskrá skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf til að hún geti sinnt eftirlitshlutverki sínu í samræmi við skyldur sínar og umboð.
2. Viðskiptaskrá skal veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf.
3. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi, sem hefur eftirlit með viðskiptavettvöngum, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem fara fram á þessum viðskiptavettvöngum.
4. Viðskiptaskrá skal veita aðila að Seðlabankakerfi Evrópu, í aðildarríki sem hefur evru sem gjaldmiðil, og Seðlabanka Evrópu aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf:
  - a) ef verðbréf, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, voru gefin út af eða boðin fyrir hönd aðila með staðfestu í aðildarríki sem hefur evru sem gjaldmiðil,
  - b) ef verðbréf, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, eru ríkisskuld aðildarríkis sem hefur evru sem gjaldmiðil,
  - c) ef evra er gjaldmiðillinn sem var lánaður, tekinn að láni eða veittur sem veðtrygging.
5. Viðskiptaskrá skal veita aðila að Seðlabankakerfi Evrópu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf:
  - a) ef verðbréf, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, voru gefin út af eða boðin fyrir hönd aðila með staðfestu í aðildarríki þess aðila að seðlabankakerfi Evrópu,
  - b) ef verðbréf, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, eru ríkisskuld aðildarríkis þess aðila að seðlabankakerfi Evrópu,
  - c) ef gjaldmiðillinn, sem var lánaður, tekinn að láni eða veittur sem veðtrygging, er gjaldmiðillinn sem sá aðili að seðlabankakerfi Evrópu gefur út.
6. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi, sem talið er upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og vaktar kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika á evrusvæðinu, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem fara fram á viðskiptavettvöngum, eða eru gerð af mótaðilum sem falla undir skyldur og umboð þess yfirvalds við vöktun á kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika á evrusvæðinu. Viðskiptaskrá skal einnig veita því yfirvaldi aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf allra útibúa mótaðila með staðfestu í þriðja landi sem starfa í aðildarríki sem hefur evru sem gjaldmiðil.

7. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi, sem talið er upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 og vaktar kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika í aðildarríki sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem fara fram á viðskiptavettvöngum, eða eru gerð af mótaðilum sem falla undir skyldur og umboð þess yfirvalds við vöktun á kerfisáhættu gagnvart fjármálastöðugleika í aðildarríki sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil. Viðskiptaskrá skal einnig veita því yfirvaldi aðgang að upplýsingunum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf allra útibúa mótaðila með staðfestu í þriðja landi sem starfa í aðildarríki þess yfirvalds.

8. Viðskiptaskrá skal veita Seðlabanka Evrópu, við störf hans innan samræmdrar eftirlitsráðstöfunar samkvæmt reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hver mótaðili gerir sem, innan hinnar samræmdu eftirlitsráðstöfunar, fellur undir eftirlit Seðlabanka Evrópu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1024/2013.

9. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi í þriðja landi, sem framkvæmdargerð í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 hefur verið samþykkt um, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt umboði og skyldum yfirvalds þriðja lands, í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar framkvæmdargerðar.

10. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi sem er tilnefnt skv. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB<sup>(9)</sup> aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf þar sem verðbréf, sem er lánað, fengið að láni eða veitt sem veðtrygging, er gefið út af fyrirtæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

- a) félagið er tekið til viðskipta á skipulegum markaði með staðfestu innan aðildarríkis þess yfirvalds og yfirtökutilboðin í verðbréf þess félags falla undir eftirlitsskyldur og umboð þess yfirvalds,
- b) félagið er með skráða skrifstofu eða aðalskrifstofu í aðildarríki þess yfirvalds og yfirtökutilboðin í verðbréf þess fyrirtækis falla undir eftirlitsskyldur og umboð þess yfirvalds,
- c) félagið er tilboðsgjafi eins og það er skilgreint í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/25/EB fyrir þau félög sem um getur í a- og b-lið, og endurgjaldið sem það býður felur í sér verðbréf.

11. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi, eins og um getur í i-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, aðgang að öllum upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem standa fyrir viðskipti, eða tengjast mörkuðum, verðbréfum sem eru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, viðmiðunum sem notaðar eru sem tilvísanir og mótaðilum sem falla undir eftirlitsskyldur og umboð þess yfirvalds. Viðskiptaskrá skal einnig veita því yfirvaldi aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf allra útibúa mótaðila með staðfestu í þriðja landi sem starfa í aðildarríki yfirvaldsins.

12. Viðskiptaskrá skal veita Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (ACER) aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf þar sem hrávaran, sem er lánuð, fengin að láni eða veitt sem veðtrygging, er orka.

13. Viðskiptaskrá skal veita skilastjórnvaldi, sem um getur í k-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, aðgang að upplýsingunum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem eftirfarandi aðilar hafa gert:

- a) mótaðili sem fellur undir skyldur og umboð þess yfirvalds,
- b) útibú mótaðila sem komið er á fót í þriðja landi sem starfar í aðildarríki þess skilastjórnvalds og fellur undir skyldur og umboð þess.

14. Viðskiptaskrá skal veita sameiginlegri skilastjórn aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hver sá mótaðili hefur gert sem fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 806/2014.

<sup>(9)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtið. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12).

15. Viðskiptaskrá skal veita lögbæru yfirvaldi sem talið er upp í m-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, aðgang að upplýsingunum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem eftirfarandi aðilar hafa gert:

- a) mótaðili sem fellur undir skyldur og umboð þess yfirvalds,
- b) útibú mótaðila sem komið er á fót í þriðja landi sem starfar í aðildarríki þess lögbæra yfirvalds og sem fellur undir skyldur og umboð þess.

16. Viðskiptaskrá skal veita yfirvaldi sem hefur eftirlit með miðlægum mótaðila (CCP), og þeim aðila að seðlabankakerfi Evrópu sem hefur umsjón með þeim miðlæga mótaðila, aðgang að upplýsingum um öll fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem sá miðlægi mótaðili hefur stöðustofnað og gert.

#### 4. gr.

### Uppsetning aðgangs að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf

1. Viðskiptaskrá skal:

- a) tilnefna aðila, einn eða fleiri, til að bera ábyrgð á samskiptum við aðilana sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365,
- b) birta á vefsetri sínu leiðbeiningarnar sem aðilarnir, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, eiga að fylgja til að fá aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf,
- c) veita aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, eyðublað eins og um getur í 2. mgr.,
- d) setja upp aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf fyrir aðilana, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, eingöngu á grunni upplýsinganna í veittu eyðublaði,
- e) ganga frá nauðsynlegum tæknilegum ráðstöfunum til að aðilarnir, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, fái aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf í samræmi við 5. gr.,
- f) veita aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf innan þrjátíu almanaksdaga eftir að sá aðili setti fram kröfu um að slíkur aðgangur yrði settur upp.

2. Viðskiptaskrá skal útbúa eyðublað sem aðilarnir, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, skulu nota þegar þeir leggja fram beiðni um að setja upp aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Eyðublaðið skal innihalda eftirtaldir færslur:

- a) heiti aðilans,
- b) tengilið aðilans,
- c) lagalega ábyrgð og umboð aðilans,
- d) skrá yfir heimilaða notendur umbeðinna upplýsinga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf,
- e) skilríki fyrir örugga SSH FTP-tengingu,
- f) allar aðrar tæknilegar upplýsingar sem skipta máli fyrir aðgang aðilans að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf,
- g) hvort einingin sé lögbær gagnvart mótaðila í aðildarríki sínu, á evrusvæðinu eða í Sambandinu,
- h) þær tegundir mótaðila sem aðilinn er lögbær gagnvart samkvæmt flokkuninni í töflu 1 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363,
- i) þær tegundir fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem aðilinn hefur eftirlit með,
- j) öll aðildarríki þar sem útgefandi verðbréfa, sem voru lánuð, tekin að láni eða veitt sem veðtrygging, er undir eftirliti aðilans, ef um það er að ræða,
- k) öll aðildarríki þar sem hrávörur, sem voru lánaðar, teknar að láni eða veittar sem veðtrygging, eru undir eftirliti aðilans, ef um það er að ræða,

- l) viðskiptavettvangur sem eru undir eftirliti aðilans, ef um það er að ræða,
- m) miðlægir mótaðilar sem eru undir eftirliti eða í umsjón aðilans, ef um það er að ræða,
- n) gjaldmiðilinn sem aðilinn gefur út, ef um það er að ræða,
- o) viðmiðanirnar sem notaðar eru í Sambandinu þar sem aðilinn er lögbær gagnvart stjórnandanum, ef um það er að ræða.

5. gr.

**Vinnutilhögungun fyrir aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf**

1. Viðskiptaskrá skal koma á og viðhalda nauðsynlegu tæknilegu fyrirkomulagi til gera aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, kleift að tengjast viðskiptaskrá með því að nota örugga tengingu milli véla.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal viðskiptaskrá nota SSH FTP-skráaflutningsreglur og stöðluð XML-skilaboð, sem þróuð hafa verið í samræmi við aðferðafræði ISO 20022, til að eiga samskipti í gegnum þá tengingu.

2. Viðskiptaskrá skal koma á og viðhalda nauðsynlegu tæknilegu fyrirkomulagi til gera aðilunum, sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, kleift að koma á fyrirframskilgreindum reglubundnum beiðnum um aðgang, í samræmi við 1., 2. og 3. gr., að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, sem nauðsynlegar eru fyrir þessa aðila til að uppfylla skyldur sínar og umboð.

3. Viðskiptaskrá skal að beiðni aðilanna sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2012 veita þeim aðgang að öllum fjármögnunarviðskiptum með verðbréf sem falla undir skyldur þeirra og umboð í samræmi við 3. gr., á grundvelli hvers konar samsetningar af eftirfarandi reitum, eins og um getur í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363:

- a) tímastimpill tilkynningar,
- b) skýrslugefandi mótaðili,
- c) annar mótaðili,
- d) útibú skýrslugefandi mótaðila,
- e) útibú hins mótaðilans,
- f) geiri skýrslugefandi mótaðila,
- g) gerð skýrslugefandi mótaðilans,
- h) miðlari,
- i) aðili sem leggur fram skýrslu,
- j) réttihafi,
- k) tegund fjármögnunarviðskipta með verðbréf,
- l) tegund veðtryggingarþáttar,
- m) viðskiptavettvangur,
- n) tímastimpill framkvæmdar,
- o) gjalddagi,
- p) uppsagnardagur,
- q) miðlægur mótaðili,
- r) aðgerðartegund.

4. Viðskiptaskrá skal koma á og viðhalda tæknilegri getu til að veita beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingunum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem nauðsynleg eru fyrir aðilana sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365, til að uppfylla umboð sín og skyldur. Veita á aðgang að þessum upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf í samræmi við eftirfarandi tímafresti:

- a) ef beiðin er um upplýsingar um aðgang að útistandandi fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, eða að fjármögnunarviðskiptum með verðbréf sem hafa annaðhvort gjaldfallið eða skýrslur verið gerðar um með aðgerðategundunum „villa“, „lokun/lokun fyrir uppgjörsdag“ eða „stöðuþáttur“, eins og um getur í reit 98 í töflu 2 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2019/363, ekki meira en einu ári áður en beiðnin var lögð fram: eigi síðar en kl. 12:00 að samræmdum heimstíma á fyrsta almanaksdegi eftir daginn sem beiðnin um aðgang er lögð fram,

- b) ef beið er um aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem hafa annaðhvort gjaldfallið eða skýrslur verið gerðar um með aðgerðategundunum „villa“, „lokun/lokun fyrir uppgjörsdag“ eða „stöðupáttur“, eins og um getur í reit 98 í töflu 2 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/363, meira en einu ári áður en beiðnin var lögð fram: eigi síðar en þremur virkum dögum eftir daginn sem beiðnin um aðgang var lögð fram,
- c) ef beið er um aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem bæði falla undir a- og b-lið: eigi síðar en þremur virkum dögum eftir daginn sem beiðnin um aðgang er lögð fram.
5. Viðskiptaskrá skal staðfesta viðtöku og staðfesta réttleika og heilleika allra beiðna um aðgang að upplýsingum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem aðilarnir sem eru taldir upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) 2015/2365 leggja fram og tilkynna þessum aðilum um niðurstöðu þeirrar staðfestingar eigi síðar en sextíu mínútum eftir að beiðnin hefur verið lögð fram.
6. Viðskiptaskrá skal nota rafræna undirskrift og dulkóðaðar gagnaskiptareglur til að tryggja trúnað, heildstæðni og vernd gagnanna sem gerð eru aðgengileg aðilunum sem taldir eru upp í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.

6. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*